

Samband íslenskra sveitarfélaga
Svæðisskipulagsnefnd Suðurlandis
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík, 16. ágúst 2021
UST202107-034/A.B.
10.04.01

Efni: Lýsing – Svæðisskipulag fyrir Suðurlandi

Vísað er til erindis Svæðisskipulagsnefndar Suðurlandis er barst 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á nýju svæðisskipulagi fyrir Suðurlandið sem nær til eftirtalinnna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu

Í greinargerð kemur fram helstu markmið með svæðisskipulagsvinnunni eru að marka stefnu um verndun og nýtingu, í samræmi við sjálfbæra þróun og þolmörk einstakra svæða, að uppbygging og nýting taki mið af jákvæðum áhrifum á loftslagsmál, að samræma eftir því sem unnt er stefnu sveitarfélaganna í helstu landnotkunarflokkum, að styrkja landshlutann í heild gagnvart nýtingu auðlinda og atvinnutækifærum og að marka stefnu um stór samfelld verndarsvæði þar sem verður lágt byggingarstig.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafraðilegu ástandi (yfirborðsvatn og

grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Friðlýst svæði

Innan Suðurrhálandisins, eins og kemur fram í greinargerð, eru fjölmörg friðlýst svæði. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að allri starfsemi og landnýtingu innan friðlýstra svæða sé markaður skýr rammi í tillögunni og lögð áhersla á samræmi við friðlýsingarskilmála og markmið friðlýsingar hvers svæðis fyrir sig.

Umhverfisstofnun telur að þar sem mannvirkjagerð og jarðrask og hvers konar breytingar á landi eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar sé nauðsynlegt að samráð og samvinna verði við stofnunina um gerð svæðisskipulagsins á vinnslutíma þess, að því er tekur til friðlýstra svæða.

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á mikilvæði þess að tillagan taki tillit til 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem fjallað sé um í tillögunni hvort landnotkun og framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hin friðlýstu svæði. Þetta getur m.a. átt við orkuvinnslu, vindmyllugarða, dreifikerfi raforku og efnistöku. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: *„Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfis skyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur